



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. febrúar 2026

SFS26010128

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áætlanir um leikskólann Vinagerði

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. janúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Leikskólanum Vinagerði var lokað í lok október vegna slæms ástands og starfsemin flutt í Safamýri þannig að 130 börn þurfa að sækja leikskóla utan hverfis með tilheyrandi álagi og mikilli óvissu um framhaldið. Foreldrar hafa ekki enn fengið upplýsingar um áætlanir borgarinnar um framkvæmdir við leikskólann og hvenær þeim muni ljúka. Samkvæmt svörum til foreldra frá borginni í desember kemur fram að málefni Vinagerðis sé í skoðun og ekki búið að taka ákvörðun um framhaldið. Þá kemur jafnframt fram í svarinu að foreldrar verði upplýstir eins fljótt og hægt er. Nú er langt liðið á janúarmánuð og enn hafa foreldrar ekki fengið nein svör um áætlanir borgarinnar varðandi leikskólann. Óskað er eftir að svör fáiist sem allra fyrst um áætlanir um leikskólann.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. febrúar 2026, var fyrirspurnin ítrekuð.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar er ástand húsnæðisins að Langagerði 1, þannig að nauðsynlegt er að ráðast í umfangsmikið viðhald og endurbætur og verður því ekki mögulegt að nýta það undir leikskólastarf á næstu árum. Jafnframt er núverandi húsnæði Vinagerðis að Safamýri 5, þar sem leikskólinn hefur verið síðan í október 2025, komið á niðurrifsáætlun og því ekki fært að halda áfram rekstri þar. Vegna þessarar stöðu húsnæðis fyrir leikskólann hefur verið lagt til að leikskólanum verði lokað frá 15. september 2026. Einnig er lagt til að börn sem nú eru innrituð í Vinagerði og áætlað var að yrðu þar áfram næsta skólaár 2026-2027, fái forgang eftir kennitöluröð á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar í stóru innirituninni sem hefst 2. mars 2026.

Foreldrar fengu boð á upplýsingafund sem haldinn var 9. febrúar 2026. Þar fengu foreldrar upplýsingar um að til stæði að loka leikskólanum og að foreldrar myndu fá forgang á flutning í aðra leikskóla fyrir þau börn sem áætlað væri að yrðu þar áfram. Einnig fengu foreldrar upplýsingar um þá leikskóla sem eru í nágrenni Vinagerðis og væntanleg leikskólapláss í næsta nágrenni.



Reykjavík